

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 19. 12. 2003


Efni: Umsögn Norðurlandsskóga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Gerð er athugasemd við 19. gr. þar sem lagt er til að tilkynna beri nýræktun skóga sem eru stærri en 50 ha að stærð þar sem ekki liggur fyrir staðfest skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt á viðkomandi svæði og leyfisveitingar vegna slíkra verkefna.

Norðurlandsskógar leggja áherslu á að viðmiðunarstærð varðandi þetta ákvæði verði í það minnsta 200 ha. eins og er í núverandi lögum.

Ekki verður séð að þessi breyting þjóni neinum markmiðum umhverfisverndar þar sem augljóst er að stærri samfelld skógræktarsvæði gefa mun meiri möguleika til að fella skóg vel að landslagi auk þess sem framtíðar skógarnytjar verða tvímælalaust meiri eftir því sem skógræktarsvæðin eru stærri og samfelldari.

F.h. Norðurlandsskóga


Valgerður Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri